

Minnisblað til Lista- og menningarráðs Kópavogs um skýrslu KPMG í mars 2023 um greining á rekstri og tækifærum til hagræðingar í menningarmálum Kópavogsbæjar.

Í skýrslu KPMG um greiningu á rekstri og tækifærum til hagræðingar í menningarmálum Kópavogsbæjar frá mars 2023 kemur fram margvíslegur misskilningur og fjöldi rangfærslna sem nauðsynlegt er að bregðast við. Skýrslan dregur upp ranga mynd af bæði rekstri og starfsemi Salarins og getur ákvarðanatáka á grunni hennar því reynst skaðleg fyrir Kópavogsbæ.

Salurinn, tónlistarhús Kópavogs, er fyrsta sérhannaða tónlistarhús landsins. Við hönnun og byggingu hússins var lögð rík áhersla á að hljómburður yrði sem bestur fyrir klassíska órafmagnaða tónleika. Salurinn býr yfir einstökum hljómburði og hefur laðað til sín innlenda sem erlenda tónlistarmenn sem allir eru sammála um einstök akústísk gæði hans.

Starfsemi Salarins byggir á því hlutverki sem Kópavogsbær tilgreinir í stofnasamningi hússins:

- Að auðga tónlistarlíf í bænum og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist, m.a. með fjölbreyttu tónleikahaldi.
- Að hafa sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

Fyrsta áratug Salarins voru nær eingöngu órafmagnaðir klassískir tónleikar á dagskránni. Eftir efnahagshrunið 2008 var markvisst unnið að því að auka tekjur með rafmögnum markaðsvænni tónleikum og hefur það tekist ansi vel. Salurinn hentar einstaklega vel fyrir órafmagnaða og léttrafmagnaða tónleika.

KPMG tilgreinir þrjár leiðir til að auka skilvirkni og hagræðingu fyrir Salinn – um leið og íbúum verði áfram veitt framúrskarandi þjónusta. Ég fylgi þeirri skiptingu í þessum athugasemdum hér.

A. Halda áfram sambærilegum rekstri.

Listræn stefna Salarins hvílir á stofnsamningi hússins og er ætlað að auka metnaðarfulla ásýnd í listalífi Kópavogsbæjar. Umsvif þeirrar starfsemi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarinn áratug og hafa tekjur af þessum viðburðum vaxið verulega. Auk þessa hefur útleiga fyrir tónleika og aðra menningarviðburði aukist mjög, allt þetta kemur skýrt fram í ársskýrslum Salarins. Salurinn er jafnframt vettvangur fyrir nýsköpun í tónlist og nýbreytni í tónleikahaldi.

Einnig hefur töluverð fjölgun orðið á ókeypis viðurðum á vegum Kópavogsbæjar í húsinu. Má þar nefna Menningu á miðvikudögum, Fjölskyldustundir, Barnamenningarhátíð, Safnanótt, Aðventuhátíð ofl. Þetta eru endurgjaldslausir viðburðir sem þó bera rekstrarlegan kostnað án þess að tekjur komi á móti.

Nýting á húsinu hefur aukist jafnt og þétt á þessum áratug á meðan starfsmannafjöldi hefur staðið í stað. Þrjú og hálf stöðugildi eru í Salnum sem sinna 200 viðburðum á ári auk þess sem töluvert er af æfingum og upptökum sem ekki teljast til viðburða, en um þetta atriði gætir alvarlegs misskilnings í skýrslu KPMG. Sem dæmi má nefna að 21 viðburður var á 25 dögum á síðastliðinni aðventu. Slíkt álag er fljótt að klára allar fastar vinnustundir starfsmanna.

Möguleikar og tækifæri til frekari nýtingu á húsnæðinu eru sannarlega til staðar. En til þess að geta sinnt auknum tekjuberandi umsvifum þarf annað hvort að hætta þeim ókeypis viðburðum sem stjórnsýslusvið bæjarins hefur lagt á herðar starfsmönnum í Salnum eða þá að bæta við starfsfólki, svo sem tæknimönnum, sviðsmönnum og húsvörðum (öryggisgæslu í framhúsi á tónleikum). Ekki er þörf á starfsfólki til að stýra viðburðum eins og lagt er til í skýrslu KPMG.

Full sætanýting er nú þegar á rafmagnaða tónleika í Salnum en tækifæri eru til að auka tekjur með aukinni miðasölu á klassíska tónleika sem erfitt getur verið að koma á framfæri en hafa ótvírátt menningarlegt gildi. Til þess þarf aukna markaðs- og sölustarfsemi fyrir Salinn, en það markaðsstarf sem fram fer á stjórnsýslusviði á bæjarskrifstofunni hefur ekki nýst í þeim efnum.

Skýrsluhöfundum KPMG er tíðrætt um að uppfæra þurfi vefsíðu daglega og að tryggja að ekki séu auglýstir liðnir viðburðir. Enginn hagur er af því að auglýsa liðna viðburði og hefur það aldrei verið gert á heimasíðu Salarins – enda er stilling á viðburðum í bakenda þannig að viðburðir detta sjálfkrafa út um leið og þeir eru liðnir. Þessi ábending KPMG er því óskiljanleg.

B. Útvista rekstri Salarins

Með útvistun á rekstri Salarins tekur Kópavogsbær ákvörðun um að gjörbreyta því hlutverki sem Salnum var ætlað að sinna og fram kemur í stofnsamningi, nema því aðeins að verulegt fjármagn komi frá bænum til rekstrarins. Um leið missir bærinn dagskrárvaldið í húsinu, hvað svo sem reynt yrði til þess að njörva slíkt niður í samningi við rekstraraðilar, öll fordæmi um slíkt hníga að því.

Markaðsdrifið tónleikahús býður einfaldlega ekki upp á fjölbreytta tónleikadagskrá eða nýsköpun, því í þeim er megin áherslan á vinsæla söluvæna tónleika eða uppistand þar sem hægt er að reiða sig á góða miðasölu og raunar öllu fremur á mikla áfengissölu á bar. Í raun skilar barsalan meiru í slíkum húsum heldur en viðburðurinn.

Í skýrslunni er litið til Bæjarbíós sem fordæmis. Bæjarbíó er ekki byggt sem sérhannað tónlistarhús sem ætlað var að sinna fjölbreyttu tónleikahaldi og því hæpið að bera þessi tvö hús saman. Bæjarbíó er rekið á markaðsgrunni reistum á miklum tekjum af barsölu. Ranglega er sagt í skýrslu KPMG að Hafnarfjarðarbær hafi endurgjaldslausan aðgang að húsinu. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila Bæjarbíós greiðir Hafnarfjarðarbær útlagðan kostnað af veru sinni í húsinu svo sem af starfsfólki, þrifum og leigu af tækjabúnaði sem rekstraraðilinn á. Vert er að benda á að bókhald Bæjarbíós er lokað jafnt Hafnarfjarðarbæ sem úttektaraðilum KPMG. Það að taka fram sex ára gamlar upplýsingar um rekstrartekjur án rekstrargjalda Bæjarbíós er misvísandi og gefur enga mynd af samanburði við rekstur Salarins.

Einnig eru rangfærslur í skýrslunni þar sem vísað er til útvistunar Tjarnarbíós hjá Reykjavíkurborg. Tjarnarbíó hefur mjög skýrt hlutverk sem heimili sjálfstæðra atvinnusviðlistahópa. Húsið er í eigu Reykjavíkurborgar sem felur Menningarfélagi Tjarnarbíós reksturinn. Menningarfélag Tjarnarbíós greiðir ekki leigu til Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir fasteignagjöld og tryggingar af húsinu og lagði til stofnbúnað. Auk alls þessa greiðir Reykjavíkurborg árlega 22 milljónir í stuðning við reksturinn. Þessi umgjörð sem Reykjavíkurborg býr sjálfstæðum atvinnusviðslistahópum hefur orðið til þess að grasrótastarf í sviðslistum blómstrar í Tjarnarbíói og er viðbót við það menningarstarf sem fyrir er í borginni. Ef mið er tekið af síðasta ári virðist því fljótt á litið sem að Reykjavíkurborg veiti Tjarnarbíói viðlíka fé og Kópavogur lagði í rekstur Salarins 2022.

Með öðrum orðum er hæpið að finna í þessum dæmum sem nefnd eru í skýrslu KPMG rök fyrir því að Kópavogsbær spari fjárútlát með því að fara þessa leið og halda um leið í heiður hússins. En vilji Kópavogsbær kúvenda hlutverki Salarins frá því að vera tónlistarhús sem auðgar tónlistarlífið í bænum með fjölbreyttu tónleikahaldi í að vera ráðstefnu- og fundarhús á daginn og skemmtistaður á kvöldin er útvistun kjörin leið til þess.

C. Hætta rekstri Salarins í núverandi mynd og auglýsa húsið til leigu eða sölu án kvaða.

Ef markmið Kópavogsbæjar er einkum sá að spara í menningarmálum er þetta eflaust vænlegasti kosturinn til þess.

Niðurlag

Kópavogsbær sýndi mikla framsýni og metnað þegar ákveðið var að ráðast í byggingu fyrsta sérhannaða tónlistarhúss landsins. Starfsemi Salarins hefur verið eitt af flaggskipum Kópavogsbæjar og aukið menningarlegan hróður bæjarins í nær aldarfjórðung. Sú leið sem bæjarfulltrúar Kópavogs velja af þessum þremur ofangreindum markar um leið það hlutverk sem bærinn vill að húsið sinni.

Ég hef hér stiklað á stóru yfir þær missagnir sem finna má í skýrslu KPMG um Salinn . Að mínu mati ber skýrslan því miður vitni um takmarkaða þekkingu á menningarstarfsemi og rekstri menningarstofnana, eðli þeirra og hlutverki. Finnst mér því varhugavert að vísa til skýrslunnar við stefnumótandi ákvarðanir Kópavogsbæjar í menningarmálum.

Kópavogi, 5. apríl 2023

Aino Freyja Järvelä
Forstöðumaður Salarins